

**Fundur skipulags- og samgönguráðs 14. ágúst 2019:**

***Tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins – US190256***

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks í samgöngu- og skipulagsráði leggja til að umhverfis- og skipulagssvið finni stað í borgarlandinu fyrir varanlega hjólabraut.

**Greinargerð:**

Árið 2012 var búin til varanleg hjólabraut við rætur Öskjuhlíðar í samstarfi Reykjavíkur og hjólareiðafélagsins Tinds. Síðar var lögð yfir hana nýi hjólastígurinn við Öskjuhlíð. Síðan þá hefur ekki verið slík varanleg hjólabraut en nokkrar færanlegar verið keyptar og settar á hina ýmsu staði. Þó þær séu góðar og gildar, getur varanleg hjólabraut verið þrýði í borgarlandinu og nýst til hreyfingar og skemmtunar fyrir almenning. Þó íslenskun á orðinu pump track sé hjólabraut þá nýtist slík braut fyrir fleiri, til dæmis hjólabretti og hlaupahjól.

*Vísað til Umhverfis- og skipulagssviðs til umsagnar.*

## Skipulags- og samgönguráð

Reykjavík 17. des. 2020  
US190256

### ***Tillaga frá fulltrúum Sjálfstæðisflokksins, varanleg hjólabraut, umsögn.***

Vísað er í fund skipulags- og samgönguráðs 14. ágúst s.l. þar sem tillögu fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um að finna stað fyrir varanlega hjólabraut (pump track) var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs.

#### „Pump track“ braut.

Svo kölluð „pump track“ hjólabraut á sér líklega ekki íslenskt heiti. Pump track braut er oftast stutt hringleið á flötu landi en brautin er lögð með lágum brekkum. Í brautinni má æfa hjólatækni þannig að hægt sé að halda hraða nánast án þess að nota pedalana. Brautir sem þessar geta einnig hentað brettum og hjólaskautum.

Gera þarf ráð fyrir 500-1000 m<sup>2</sup> svæði fyrir pump track braut.

(sjá t.d. <https://pumptrack.com/>).

#### Tillögur að stöðum.

1. Í stefnumörkun fyrir útivistarsvæðið við Gufunesbæ hefur verið rætt um pump track braut. Þar því nánast tilbúinn staður fyrir slíka braut. Svæðið er rúmlega 1000 m<sup>2</sup>.





2. Í stefnumörkun fyrir Klambratún er reiknað með hjóla- og brettabraut sem gæti verið pump track braut. Meðfylgjandi eru mynd úr stefnumörkun fyrir Klambratún. Svæðið er um 1500 m<sup>2</sup>.



3. Til greina kæmi að koma fyrir braut á grænu svæði í Fossvogsdal, austan við matjurtagarða. Svæðið er um 2500 m<sup>2</sup>





4. Hugmyndir eru um svo kallaðan vetrargarð í Breiðholti. Þar mætti skoða hvort tækifæri séu til að samnýta svæði fyrir hjólabraut.



5. Í Geirsnefi eru hugmyndir um útivistarsvæði í tengslum við Vogabyggð. Þar mætti hugsa sér hjólabraut sem hluta af uppbyggingu útivistarsvæðis.



Björn Ingi Edvardsson

Kristinn Jón Eysteinnsson

Þórólfur Jónsson